

September 2024

Inflúensubólusetning

Ráðlagt er að bólusetja öll börn með áhættuþætti (sjá neðar) sem eru orðin 6 mánaða gömul (þ.e. frá fæðingardegi og ekki leiðrétt). Ekki er ráðlagt að bólusetja börn sem eru yngri en 6 mánaða. Nýlegar ráðleggingar sóttvarnalæknis leggja til að öll börn fædd 2020 og síðar fái bólusetningu gegn infúensu.

Ráðlagt er að bólusetja alla fjölskyldumeðlimi (sem búa á sama heimili) barns sem er með áhættuþætti, sérstaklega ef barnið er yngra en 6 mánaða.

- Öll börn yngri en 9 ára sem hafa aldrei fengið staðfesta inflúensúsýkingu eða inflúensubólusetningu ættu að fá 2 skammta með 4 vikna millibili. Annars fá þau eina bólusetningu.
- Börn sem eru yngri en 3 ára ættu að fá hálfan skammt eða 0.25ml af inflúensubóluefni.

Bólusetningar gegn infúensu er hægt að fá á heilsugæslustöðvum.

Áhættuþættir eru eftirfarandi:

1. Börn á fyrsta ári, sem fædd eru fyrir 32 vikna meðgöngu og léttari en 1500gr teljast hafa áhættuþætti
2. Börn með króniska lungna- og nýrnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og alvarlega taugasjúkdóma auk ónæmisbælingar
3. Auk þess geta aðrar aðstæður flokkast sem áhættuþættir og er þá rétt að ráðfæra sig við starfsfólk Barnaspítala Hringins

Stafsfolk Barnaspítalans

